

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna fjölgunar íbúða á miðsvæði M9 Vatnsnesi.

Skipulagsstofnun staðfesti 10. júní 2025 breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 sem samþykkt var í bæjarstjórn 21. janúar 2025.

Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 600 í 1.250 á miðsvæði M9 á Vatnsnesi og byggingarmagn eykst úr 33.000 í 185.000 m². Byggingar verða á 3-5 hæðum með möguleikum á fjölgun hæða við ströndina upp í allt að 7 hæðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 10. júní 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 25. júní 2025